

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 335/2010

2011/EES/29/10

frá 22. apríl 2010

um að leyfa sinkklósamband af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþjónins sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir sinkklósambandi af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþjónins, í aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Niðurstaða álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) frá 11. nóvember 2009⁽²⁾, í samhengi við álit frá 16. apríl 2008⁽³⁾ og 2. apríl 2009⁽⁴⁾ er sú að sinkklósamband af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþjónins hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Samkvæmt álitinu frá 16. apríl 2008 má líta svo á að sú efnablanda sé gjafi aðgengilegs sinks og að þannig sé viðmiðunum fyrir viðbætt næringarefni fullnægt að því er varðar

allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin mælir með viðeigandi ráðstöfunum er varða öryggi notenda. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Efnablandan var þegar leyfð sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 888/2009 frá 25. september 2009 um að leyfa sinkklósamband af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþjónins sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga⁽⁵⁾. Sú reglugerð skal felld úr gildi.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fôðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 888/2009 er felld úr gildi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á 1. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 7 (11), 1381.*

⁽³⁾ *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 694, bls. 1.*

⁽⁴⁾ *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 1042, bls. 1.*

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 71.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

| Kenninúmer aukefnisins | Nafn leyfishafa | Aukefni | Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksal- dur | Hámarksinnihald | | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|-----------------|---|---|----------------------------|-------------------|---|--|--------------|-----------------|
| | | | | | | Lágmarksinnihald | Innihald frumefnisins (Zn) í mg/kg heilfóðurs með 12 % rakainnihaldi | | |
| Flokkur viðbætra næringarefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd | | | | | | | | | |
| 3b6.10 | — | Sinkkló- samband af hýdroxýl- setnu hlíðs- tæðufni meþíóníns | Lýsing á eiginleikum aukefnisins: Sinkkló-samband af hýdroxýlsetnu hlíðstæðufni meþíóníns sem inniheldur 17,5%-18% sink og 81% (2-hýdroxý-4- metýlþíó) bútanýru. Jarðollía: ≤ 1 % Greiningaraðferð ⁽¹⁾ : Rafgasljómunargreining (ICP-AES) samkvæmt EN-15510 2007 | Allar tegundir | — | Gældýr: 250 (samtals) Fiskur: 200 (samtals) Aðrar tegundir: 150 (samtals) Staðgöngumjólk sem heilfóður eða sem fíðurbætur: 200 (samtals) | 1. Aukefnið skal vera í forblöndu þegar það er notað í fíður. 2. Vardandi öryggi notenda: nota skal öndunarvörn, öryggisg- leraugu og -hanska við meðhöndlun. | 13. maí 2020 | |

(1) Upplýsingar um greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi síðu tilvísunarrámsóknarstofu Bandalagsins: <http://irmm.jrc.ec.europa.eu/cil-feet-additives>